

Lög

Nr. 52.

26. okt.

um

breyting á 1. gr. tolllaga fyrir Ísland, nr. 54, 11. júlí 1911.

Vjer Christian hinn Tíundi, af guðs náð Danmerkur konungur,
Vinda og Gauta, hertogi í Sljesvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þjettmerski,
Láenberg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og Vjer staðfest þau með samþykki Voru:

1. gr.

a. Tölul. 1 orðist svo:

Af allskonar öli, límonaði og öðrum samskonar óáfengum drykkjum, sem ætlaðir eru óblandaðir til drykkjar, kr. 0,20 af hverjum lítra.

b. Tölul. 7 orðist þannig:

Af tóbaki alls konar, reyktóbaki, munntóbaki, neftóbaki og óunnu tóbaki kr. 3,00 af hverju kg.

c. Tölul. 8 orðist þannig:

Af tóbaksvindlum og vindlingum (cigaretum) kr. 6,00 af hverju kg.

d. Tölul. 15 orðist þannig:

Af öllum brjóstykur- og konfekttegundum kr. 1,25 af hverju kg.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi þegar í stað.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sjer að hegða.

Gefið á Amaliuborg, 26. október 1917.

Undir Vorri konunglegu hendi og innsigli.

Christian R.

(L. S.)

Sigurður Eggerz.